



Selfossi 24. febrúar 2016

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**2. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn miðvikudaginn 24. febrúar 2016, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

**Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Eypór H. Ólafsson, Jón Valgeirsson, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Ásta Stefánsdóttir boðaði forföll.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15**

**1. Ráðning nýs varaslökkviliðsstjóra BÁ**

Pétur sagði frá því að átta umsóknir bárust í starf varaslökkviliðsstjóra BÁ. Fjórir verða boðaðir í viðtöl og hefjast þau strax á morgun, fimmtudag. Pétur, Ari og Ingibjörg taka viðtölin. Mjög hæfir einstaklingar sóttu um og vonast er til að ráðningarferlið taki stuttan tíma og nýr varaslökkviliðsstjóri taki til starfa svo fljótt sem auðið er.

**2. Slökkvistöðvarmál í Árnese**

Rætt um uppbyggingu slökkvistöðvar í Árnese.

**3. Starfslokamál Kristjáns Einarssonar í ársreikningi**

Pétur lagði fram minnisblað frá Auðunni Guðjónssyni, endurskoðanda hjá KPMG, þess efnis að uppgjör vegna starfsloka Kristjáns verði fært sem áfallinn launakostnaður árið 2015. Samþykkt samhljóða.

**4. Önnur mál**

**a. Ársreikningur 2015**

Byrjað er að vinna í ársreikningi 2015. Stefnt að því að hann verði tilbúinn fyrir næsta fund.

**b. Starfslýsingar.**

Pétur lagði fram til kynningar starfslýsingar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra sem hann hefur unnið að.

**c. Umboð til úttekta af innlánsreikningum**

Stjórnin og Pétur skrifuðu undir umboð til Péturs til úttekta af innlánsreikningum BÁ.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 30. mars kl. 8:15

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 9:30